

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Ásbyrgi 30. ágúst 2011

Mættir: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Soffía Helgadóttir Norðurþingi, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaganna, Stefán Tryggvason frá ferðamálasamtökum norðurlandi og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Gestur fundarins Stefán V. Sigtryggson aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. Kjör formanns og varaformanns svæðisráðs
2. Starfsemin almennt 2011
3. Húsnæðismál Hálendisfulltrúa
4. Möguleg sameining Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruverndardeildar Ust og Þjóðskóga
5. Deiliskipulag og framkvæmdir við Dettifoss að vestan:
6. Dettifossvegur 2 og 3 áfangi

Fundargerð

Fundur settur kl. 13.00

1. Kjör formanns og varaformanns svæðisráðs

Böðvar Pétursson kosinn formaður og Soffía Helgadóttir varaformaður án mótframboða.

2. Starfsemin almennt 2011

Hjörleifur greindi frá starfseminni í grófum dráttum á síðustu misserum. Í heildina hefur starfsemi og rekstur gengið vel, engar stórar upptökur eða stóraföll komu upp á Norðursvæði þetta sumarið. Samgöngur hafa verið í lagi, sértekið líklega lítilega undir áætlun og ferðamannastraumur jafn eftir að líða tók á sumarið eftir slæma byrjun sem rekja má til tíðarfars. Hjörleifur greindi sértaklega frá kvikmyndatökunni við Dettifoss, leyfisveitingunni og samskiptin við Umhverfisstofnun. Að mati þjóðgarðsvarðar er umsjón Vatnajökulspjóðgarðs með friðlöndum sem formlega eru á könnu Umhverfisstofnunar í uppnámi.

Svæðisráð beinir því til stjórnar VÞ að endurskoða þurfi alla samninga og samstarf um friðlöndin sem eru í umsjón Vatnajökulspjóðgarðs, svo verklag og skipting ábyrgðar verði á hreinu.

Hjörleifur greindi einnig frá vatnsveitumálum og hvernig þau hefðu þróast á betri veg eftir heimsókn Árna Hjartarssonar hjá Ísor síðastliðið haust. Í framhaldi fannst stór leki á

Ásveitu og vatnsveita í Vesturdal var löguð. Báðar virkuðu svo eins og til var ætlast allt sumarið.

3. Húsnæðismál Hálandisfulltrúa

Hjörleifur greinir frá stöðunni: Frá fyrstu mánuðum ársins hefur verið ljóst að hálandisfulltrúi Þjóðgarðsvarðar myndi missa núverandi íbúðarhúsnæði sitt í Mývatnssveit. Leit að öðru húsnæði hefur lengi vel ekki borið árangur. Mögulega er þó umhverfisstofnun til í að leigja íbúð á Grímsstöðum í Mývatnssveit fyrir hálandisfulltrúa. *Svæðisráð ítrekar að leysa þurfi húsnæðismál starfsmanna Þjóðgarðsins þannig að Þjóðgarðurinn tryggji sér húsnæði til langs tíma, sem endurleigt verði starfsmönnum hans.*

4. Möguleg sameining Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruverndardeildar Ust og Þjóðskóga

Böðvar greindi frá því að formanni stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs hefði verið tilkynnt að stofnaður hefði verið vinnuhópur í Umhverfissráðuneytinu með það hlutverk að skila tillögum að sameiningu ofangreindra stofnana fyrir 15. október. Þessu hefði formaðurinn greint frá á símafundi stjórnar sem ekki er enn til fundargerð af. Hjörleifur minntist þá á tillögur að bókunum frá annarveggar Soffíu og hinsveggar Böðvari sem honum hafi borist með tölvupósti þá um morgunin. Stefáni Tryggvasyni, Sigbrúði Stellu og Grétari höfðu ekki borist þær og var þeim því varpað á skjáinn. Rædd var formleg staða tillagnana. Stefán Tryggvason gagnrýndi vinnubrögð við umræðu og fyrirlagningu málsins. Engar formlegar tillögur eða erindi lægju fyrir svæðisráði til að taka afstöðu til. Hjörleifur og Sigbrúður Stella tóku undir þetta að hluta og vildu meina að ekki væri hægt að taka eins neikvæða afstöðu til mögulegra sameiningar áður en forsendur hennar lægju fyrir. Böðvar og Soffía vildu meina á hinn bóginn að fyrirætlanir um sameiningu væru brot á loforðum um aðkomu heimamanna að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs og um það bæri svæðisráði að álykta strax.

Eftir nokkrar umræður og breytingar á tillögu Böðvars lagði formaðurinn fram þessa tillögu:

Til stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og umhverfissráðherra.

Hugmynd þess efnis að sameina Þjóðskóga, Náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarð er alveg fráleit á þessu stigi í þróun garðsins. Þegar Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður árið 2007 þá var það á öðrum forsendum heldur en aðrir þjóðgarðar til þess tíma, stjórnfyrikomulagið er nýtt, lýðræðislegra og tryggir heimamönnum áhrif á framtíð sína. Þetta skipulag hefur reynst vel hingað til.

Svæðisráð Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs minnir á bráðabirgða ákvæði 4. í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007, en þar segir: „Ákvæði laga þessara um stjórnfyriřkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs skulu eigi síðar en 1. janúar 2013 endurskoðuð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.“ Svæðisráð áréttar að þetta ákvæði er ekki til skrauts heldur að fullu virkt og að þar sé skilgreindur réttur vettvangur til umræðu um stjórnfyriřkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs, en ekki í bakherbergjum ráðuneyta.

Stefán Tryggvason lagði þá fram dagskrártillögu um frestun afgreiðslu tillögunar þar til á símafundi eftir um 24 tíma. Tillagan var felld með fjórum atkvæðum gegn einu.

Þá var gengið til atkvæða um ofangreinda tillögu Böðvars Péturssonar.

Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum Böðvars, Soffíu og Friðriku. Grétar og Sigbrúður Stella sátu hjá. Stefán Tryggvason greiddi ekki atkvæði. Hjörleifur og Stefán Viðar hafa ekki atkvæðisrétt.

Böðvar áréttaði að samkvæmt fundarsköpum mættu bókanir berast í sólarhring eftir fund ef menn boða bókun. Sigbrúður Stella boðaði að hún myndi skila inn bókun.

Eftirfarandi bókun barst frá Sigbrúði Stellu innan tilskilin frests:

Bókun á fundi svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 30.ágúst 2011

Hugmyndir um sameiningu stofnana sem hafa umsjón með þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum á Íslandi hafa öðru hvoru skotið upp kollinum undanfarin misseri, þó án þess að unnið hafi verið að þeim með formlegum hætti. Nú er hinsvegar í gangi vinna á vegum Umhverfisráðuneytisins við að skoða sameiningu Vatnajökulsþjóðgarðs, Náttúruauðlindasviðs Umhverfisstofnunar (að hluta), Þjóðskóga og mögulega Þingvallabjóðgarðs. Fyrir fundinum liggur hvorki erindi/kynning þess efnis til svæðisráðs né tillögu að útfærslu þeirrar sameiningar. Undirrituð telur því ótímabært að álykta um slíka sameiningu með þeim hætti sem þrír fulltrúar ráðsins kjósa að gera en vill í staðinn leggja áherslu á eftirfarandi:

Að allar tillögur um sameiningar ríkisstofnana sem fara með málefni þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða séu ávallt gerðar með hagsmuni svæðanna og náttúruverndar að leiðarljósi þar sem nauðsynleg verndun svæðanna er tryggð um leið og samfélögum og íbúum þeirra sé tryggður félagslegur, efnahagslegur og menningarlegur ávinningur af verndun þeirra. Það gerist aðeins að viðhöfð séu góð samskipti, samræða og dreifing valds og ábyrgðar. Undirrituð treystir því að svo verði raunin í þessari vinnu.

5. Deiliskipulag og framkvæmdir við Dettifoss að vestan:

Böðvar og Hjörleifur fór yfir stöðu framkvæmda, deiliskipulagsgerðar og sveitarfélagamarka. Viðræður eru í gangi við Landeigendafélag Reykjahlíðar um kaup/leigu á landi undir byggingarreit. Eftir lögfræðiniðurstöður í kringum veitingu kvikmyndaleyfis er ljóst að stækka þarf deiliskipulagsvæðið þannig að það innihaldi allar ferðaleiðir frá Selfossi í suðri að Hafragili í norðri. Frekari umræðu og þennan málaflokk vísað til vettvangsferðar og næsta fundar.

6. Dettifossvegur 2 og 3 áfangi

Umræðu frestað fram að næsta fundi og vettvangsferð

7. Önnur mál

Skipulagsmál rædd almennt. Fyrir liggur að ráðast þarf í að deiliskipuleggja eða taka upp deiliskipulög á eftirtöldum svæðum: Mynni Ásbyrgis, við Drekaþil Öskju, Við Gjallanda í Skjálfafljóti og við Dettifoss að vestan. Böðvar vildi meina að samkvæmt nýjum skipulagslögum þyrfti að sækja um leyfi til að hefja deiliskipulagsgerð. Hjörleifur kannar það mál með hjá Gauki Hjartarsyni byggingarfulltrúa.

Að lokum var farið yfir verklag við yfirferð fundargerða, svo að þjóðgarðsvörður komi þeim fyrr inn á heimasíðu Garðsins en verið hefur. Samþykkt að þjóðgarðsvörður birti fundargerðir 7 dögum eftir að þær eru sendar út til fundarmanna, ef engar athugasemdir eða tilkynningar um fjarvistir berast.

Næsti fundur boðaður 30 sept. í skoðunarferð Dettifoss kl. ca 14.

Fundi slitið kl. 17.30